



Borgarráð

Reykjavík, 23. september 2025

MSS25090108

Erindisbréf - Samráðshópur um Heiðmörk

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt erindisbréf samráðshóps um Heiðmörk. Hlutverk hópsins er að tryggja að hugað sé að hagsmunum íbúa, nærsamfélags og helstu hagaðila varðandi deiliskipulag Heiðmerkur, vera til stuðnings og ráðgjafar við deiliskipulagsgerðina til að tryggja öryggi grunnvatns, skógræktar og að svæðið nýtist áfram til útivistar.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf – Samráðshópur um Heiðmörk.



Reykjavík



ERINDISBRÉF

Samráðshópur um Heiðmörk

Ábyrgðaraðili:
Borgarstjóri

Inngangur:

Heiðmörk er um 3200 ha að stærð og er helsta vatnstökusvæði höfuðborgarsvæðisins ásamt því að hún er stærsta útivistarsvæði Reykjavíkur og friðland sem vígt var 1950. Græni trefillinn sem umlykur allt höfuðborgarsvæðið liggur að hluta til um Heiðmörk. Í maí sl. var lögð fram skipulagslýsing umhverfis- og skipulagssvið vegna nýs deiliskipulags sem mun ná yfir hluta Heiðmerkur og liggur innan sveitarfélagamarka Reykjavíkurborgar. Í skipulagslýsingunni kemur m.a. fram að leiðarljós við gerð deiliskipulags fyrir Heiðmörk er að tryggja öryggi og óbreytt gæði grunnvatns til langrar framtíðar og að svæðið nýtist áfram til útivistar og í sátt við vatnsvernd. Lýsing var kynnt frá 22. maí til og með 2. júlí og bárust athugasemdir um umsagnir. Fram undan er vinna við nýtt deiliskipulag sem byggir á deiliskipulagslýsingunni og mikilvægt að reglulegt samráð eigi sér stað við helstu hagaðila í ferlinu.

Hlutverk og helstu verkefni:

Tryggja að hugað sé að hagsmunum íbúa, nærsamfélags og helstu hagaðila varðandi deiliskipulag Heiðmerkur, vera til stuðnings og ráðgjafar við deiliskipulagsgerðina til að tryggja öryggi grunnvatns, skógræktar og að svæðið nýtist áfram til útivistar.

Samráðshópin skipa:

Heiða Björg Hilmisdóttir borgarstjóri, formaður

Helga Þórðardóttir

Dóra Björt Guðjónsdóttir

Líf Magneudóttir

Sanna Magdalena Mörtudóttir

Hildur Björnsdóttir

Einar Þorsteinsson

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

Fulltrúi Veitna

Fulltrúi Skógræktarfélags Reykjavíkur

Fulltrúi Miðstöðvar útivistar og útináms (MUU)

Fulltrúi Útilífsborgarinnar

Brynhildur Davíðsdóttir, prófessor í umhverfis- og auðlindafræði

Helga María Heiðarsdóttir, land- og jöklafræðingur og fjallaleiðsögumaður

Ekki er greitt sérstaklega fyrir setu í samráðshópnum.



**Starfsmaður samráðshópsins:**

Starfsmaður kemur frá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Samráðshópurinn leitar ráðgjafar sérfræðinga innan Reykjavíkurborgar, Skógaræktarinnar, Veitna sem og annarra hagaðila eins og þurfa þykir.

Starfstími:

Samráðshópurinn starfi á meðan vinna við deiluskiplagsgerð stendur yfir.

Reykjavík, [Dags.]

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri



Reykjavík